

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2020
Mál nr. 251/2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Vísað er í drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur sem birt voru í samráðsgáttinni þann 18. nóvember 2020. Frestur til að skila umsögn er mjög skammur og Nasdaq Iceland áskilur sér því rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Nasdaq Iceland fagnar því að til standi að jafna skattalega meðhöndlun fjárfestinga í hlutafé og vaxtaberandi fjárfestingakostum, með því að láta frítekjumark fjármagnstekna einnig ná til úthlutaðs arðs og söluhagnaðar félags sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði. Breytingar sem þessi eru til þess fallnar að styðja við hagvöxt og gagnsæi í atvinnulífinu og skapa grundvöll fyrir öflugri viðspyrnu eftir höggið sem hagkerfið hefur orðið fyrir vegna COVID-19.

Nasdaq Iceland telur aftur á móti brýnt að útvíkka þessa tillögu með þeim hætti að frítekjumarkið nái einnig til úthlutaðs arðs og söluhagnaðar félags sem er skráð á markaðstorg fjármálagerna, eins og First North markað Nasdaq. Þátttaka almennings skiptir sérstaklega miklu máli fyrir lítil og meðalstór vaxtarfélög, sem eru líklegri til að byrja á því að vera skráð á markaðstorg fjármálagerna fremur en skipulegan verðbréfamarkað. Lítil og meðalstór vaxtarfélög gegna afar mikilvægu hlutverki í því að skapa störf og styðja við hagvöxt og því er sérstaklega mikilvægt að þannig sé búið um hnútana að innlendir fjármálamarkaður geti stutt eins vel við þau og mögulegt er.

Nasdaq Iceland hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq Iceland.